

Ed.

109. Nefndarátt

um frumvarp til laga um mælitæki og vogaráhöld.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, felur í sjer gagngerða breytingu á því fyrirkomulagi, sem nú á sjer stað að því er snertir ettirlit með mælitækjum og vogaráhöldum og löggildingu á þeim. Og þótt þess sje tæplega að vænta, að mikill sparnaður verði af slíkri breytingu fyrir sjálfan rikissjóðinn, þá leggur þó nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt. Ræður þeirri tillögu nefndarinnar sú von, að eftirlitið, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir því, muni verða sæmilegt, um leið og innkaup og aðgerðir umræddra tækja eða áhalda yrðu við breytinguna landsmönnum yfirleitt talsvert kostnaðarminni heldur en með því fyrirkomulagi, sem núgildandi lög ákveða.

Alþingi, 11. mars 1924.

Jón Magnússon,
formaður.

Eggert Pálsson,
fundaskrifari og framsögum.

Jónas Jónsson.